

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 2/2020****2023/EES/13/02****frá 7. febrúar 2020****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1012 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar undanþágu frá reglum um tilnefningu eftirlitsstaða og frá lágmarkskröfum fyrir landamæraeftirlitsstöðvar ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1013 frá 16. apríl 2019 um fyrirframtilkynningar um sendingar af tilteknum flokkum dýra og vara sem koma inn í Sambandið ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1014 frá 12. júní 2019 um að mæla fyrir um ítarlegar reglur um lágmarkskröfur fyrir landamæraeftirlitsstöðvar, þ.m.t. skoðunarmiðstöðvar, og um snið, flokka og skammstafanir til að nota til að skrá landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1081 frá 8. mars 2019 um að koma á reglum um sértækar kröfur um þjálfun starfsfólks sem innir af hendi eftirlit með ástandi á landamæraeftirlitsstöðvum ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um plöntuheilbrigði. Löggjöf um plöntuheilbrigði fellur utan við gildissvið EES-samningsins og ákvæði sem varða plöntuheilbrigði gilda því ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- 6) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið ákvæðum sem varða lifandi dýr, önnur en fisk og eldisdýr, eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 8) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1014 fellir úr gildi ákvarðanir 2001/812/EB ⁽⁵⁾ og 2009/821/EB ⁽⁶⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr samningnum frá 14. desember 2019.
- 9) Framseld reglugerð (ESB) 2019/1081 fellir úr gildi, frá 14. desember 2019, ákvörðun 93/352/EBE ⁽⁷⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 171, 26.6.2019, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 306, 23.11.2001, bls. 28.

⁽⁶⁾ Stjtuð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtuð. ESB L 144, 16.6.1993, bls. 25.

- 10) Með reglugerð (ESB) 2017/625 eru settar fram nýjar verklagsreglur sem gilda um landamæraeftirlitsstöðvar samkvæmt inngangsorðum I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Því er mgr. 4B í inngangsorðum I. kafla I. viðauka breytt til samræmis við það og 5. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka fellur brott.
- 11) I. og II. viðauka við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta mgr. 4B í inngangsorðum I. kafla:

„Eftirlit með landamæraeftirlitsstöðvum

- 1) Eftirlit með landamæraeftirlitsstöðvum skal fara fram í náinni samvinnu framkvæmdastjórnar ESB og Eftirlitsstofnunar EFTA.
- 2) Eftirlitsstofnun EFTA skal eiga rétt á að taka þátt í eftirlitsheimsóknum þjónustustofnana framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkja ESB vegna eftirlitsins sem vísað er til í 3. mgr. 59. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625.
- 3) Framkvæmdastjórn ESB og Eftirlitsstofnun EFTA geta skipulagt sameiginlegar eftirlitsheimsóknir í því skyni að staðfesta sameiginleg tilmæli um útkomu eftirlitsins sem vísað er til í 5. mgr. 59. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625.“

2. Texti 5. mgr. inngangsorða I. kafla fellur brott.

3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 11bd (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715) í hluta 1.1 í I. kafla:

„11be. **32019 R 1012:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1012 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar undanþágu frá reglum um tilnefningu eftirlitsstaða og frá lágmarkskröfum fyrir landamæraeftirlitsstöðvar (Stjtíð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 4).

11bf. **32019 R 1013:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1013 frá 16. apríl 2019 um fyrirframtílkynningar um sendingar af tilteknum flokkum dýra og vara sem koma inn í Sambandið (Stjtíð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 8).

11bg. **32019 R 1014:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1014 frá 12. júní 2019 um að mæla fyrir um ítarlegar reglur um lágmarkskröfur fyrir landamæraeftirlitsstöðvar, þ.m.t. skoðunarmiðstöðvar, og um snið, flokka og skammstafanir til að nota til að skrá landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði (Stjtíð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 10).

11bh. **32019 R 1081:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1081 frá 8. mars 2019 um að koma á reglum um sértækar kröfur um þjálfun starfsfólks sem innir af hendi eftirlit með ástandi á landamæraeftirlitsstöðvum (Stjtíð. ESB L 171, 26.6.2019, bls. 1).“

4. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31qd (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715) í II. kafla:

„31qe. **32019 R 1012:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1012 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar undanþágu frá reglum um tilnefningu eftirlitsstaða og frá lágmarkskröfum fyrir landamæraeftirlitsstöðvar (Stjtíð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 4).

- 31qf. **32019 R 1013:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1013 frá 16. apríl 2019 um fyrirframtílkynningar um sendingar af tilteknum flokkum dýra og vara sem koma inn í Sambandið (Stjútíð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 8).
- 31qg. **32019 R 1014:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1014 frá 12. júní 2019 um að mæla fyrir um ítarlegar reglur um lágmarkskröfur fyrir landamæraeftirlitsstöðvar, þ.m.t. skoðunarmiðstöðvar, og um snið, flokka og skammstafanir til að nota til að skrá landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði (Stjútíð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 10).
- 31qh. **32019 R 1081:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1081 frá 8. mars 2019 um að koma á reglum um sértækar kröfur um þjálfun starfsfólks sem innir af hendi eftirlit með ástandi á landamæraeftirlitsstöðvum (Stjútíð. ESB L 171, 26.6.2019, bls. 1).“
5. Texti 21. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/352/EBE), 39. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB) og 111. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/812/EB) í hluta 1.2 í I. kafla fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 164d (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „164e. **32019 R 1012:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1012 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar undanþágu frá reglum um tilnefningu eftirlitsstaða og frá lágmarkskröfum fyrir landamæraeftirlitsstöðvar (Stjútíð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 4).
- 164f. **32019 R 1013:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1013 frá 16. apríl 2019 um fyrirframtílkynningar um sendingar af tilteknum flokkum dýra og vara sem koma inn í Sambandið (Stjútíð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 8).
- 164g. **32019 R 1014:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1014 frá 12. júní 2019 um að mæla fyrir um ítarlegar reglur um lágmarkskröfur fyrir landamæraeftirlitsstöðvar, þ.m.t. skoðunarmiðstöðvar, og um snið, flokka og skammstafanir til að nota til að skrá landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði (Stjútíð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 10).
- 164h. **32019 R 1081:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1081 frá 8. mars 2019 um að koma á reglum um sértækar kröfur um þjálfun starfsfólks sem innir af hendi eftirlit með ástandi á landamæraeftirlitsstöðvum (Stjútíð. ESB L 171, 26.6.2019, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2019/1012 og (ESB) 2019/1081 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2019/1013 og 2019/1014, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2019 frá 27. september 2019 (®), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(®) Stjútíð. ESB L 4, 5.1.2023, bls. 11 og EES-viðbætur nr. 3, 5.1.2023, bls. 15.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.